



Athugasemdir sem borist hafa vegna draga um nýjan samning um barnaverndarþjónustu

Frá fjölskylduráði Norðurþings

Bókun fjölskylduráðs Norðurþings:

Fjölskylduráð hefur til áframhaldandi umfjöllunar drög að samningi um barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra.

Niðurstaða : Ráðið heldur áfram umfjöllun sinni um samning um barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra. Sveitarstjóra er falið að koma ábendingum fjölskylduráðs á framfæri við samningsaðila. Ábendingar fjölskylduráðs snúa m.a. að mönnun starfsstöðvar á Húsavík og tryggja samfellu og áframhald í góðri og faglegri barnaverndarþjónustu á starfssvæðinu og samspili hennar við farsæld barna.

Minnisblað og athugasemdir:

Fjölskylduráð Norðurþings telur að skilgreina þurfi eftirfarandi betur í samningi um barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra.

Ráðið leggur alla áherslu á að áframhald verði á því góða og faglega starfi sem unnið hefur verið að og eftir hér í Norðurþingi og sem snýr að farsæld barna, þar sem samstarf hefur verið gott á milli skóla, skólaþjónustu, Keldunnar og barnaverndar og tryggð samfella í þjónustu við börn.

Ráðið telur að að í samningnum þurfi að skilgreina og lýsa betur þjónustunni sem Akureyrarbær mun veita sveitarfélögunum sem samningurinn nær til. Í drögum samningsins kemur einungis fram að Akureyrarbær fari með málaflökkinn í samræmi við lög og mál sem eru til umfjöllunar hjá velferðarráði Akureyrarbæjar um samninginn eða sem afleiðing af honum fari til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum sem eiga aðild að samkomulaginu.

Fjölskylduráð Norðurþing leggur áherslu á að í samningnum verði tilgreint hvar mannaðar starfstöðvar verði og hver er lágmarksmönnun á þeim. Ráðið telur ekki farsælt að starfsfólk barnaverndar safnist fyrir á einum stað á jafn víðfeðmu svæði og Norðurland eystra er. Enn fremur hvernig greiðslum er háttað í kringum þær t.d. vegna aðstöðu starfsfólks. Ráðið leggur áherslu á að áfram verði staðbundin mönnun starfsfólks barnaverndar á Húsavík.

Þá telur ráðið og leggur áherslu á að fyrirkomulag bakvakta sé skilgreint í samningnum. Í því samhengi vill ráðið leggja áherslu á að bakvöktum sé sinnt frá öllum mönnum starfstöðvum barnaverndarþjónustunnar til að tryggja að fyrirkomulag þjónustunnar verði í það minnsta ekki lakara en nú er með tilliti til viðbragðstíma barnaverndar.

Hver eru markmið samningsins?



Að stuðla að réttindum barna til verndar og umönnunar og tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.

Á hvaða lagalega grunni hvílir samningurinn?
Sveitarstjórnarlög – ákvæði þar:

Í samningi um samvinnu samkvæmt þessari grein skulu að lágmarki eftirfarandi atriði tiltekin:

1. hvaða sveitarfélög eru aðilar að samstarfinu,
2. hvert þeirra sér um rækslu verkefnis,
3. nákvæm til greining viðkomandi verkefnis eða verkefna,
4. hvaða valdheimildir færast til þess sveitarfélags sem sér um verkefni,
5. gildistími samnings og á hvaða tíma sveitarfélagið taki verkefnið yfir,
6. þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis,
7. hvort sveitarfélagi sé heimilt að gera samning við einkaaðila um framkvæmd verkefnis skv. 100. gr.,
8. upplýsingagjöf til annarra samstarfsaðila,
9. fjárhagslegt uppgjör og samskipti vegna verkefnisins,
10. eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á, og önnur mikilvæg atriði sem varða framkvæmd verkefnis og fjárútlát vegna þess.

- 1.gr. samnings – um þjónustuna giltu áður... – má það ekki fara út?
- 2.gr. aðilar að samkomulagi – var í 1. Gr. líka.
- 2.gr. – gildistími samnings og staðfesting – færa í öftustu grein.
3. gr. Ef breytinga er þörf.. – færa í ákvæði um endurskoðun?
3. gr. almennt – raða málsgreinum betur upp – frá almennum atriðum varðandi þjónustuna til sértækra atriða.
- 4.gr. sama og í 3. Byrja á almennum kostnaði og enda á sértækum kostnaði
- 5.gr. úrsögn – Ath 12 mán. fyrirvara – uppsagnarfrestur starfsfólks er 3 mán. – e.t.v. betra að hafa frekar viðmiðunardagsetningu t.d. 1. júlí vegna áramóta.
- 6.gr. A) log, reglur og samþykktir sveitarfélaga kalla á endurskoðun
B) framkvæmd þjónustunnar - Akureyrarbær vill gera breytingar eða aðildarsveitarfélög vilja meiri/minni/breytta þjónustu
- 8.gr. Árlegur fundur ekki seinna en 1. nóv. um framkvæmd samnings seint m.t.t. fjárhagsáætlanagerðar.
- 8.gr. ATH tímasetningu m.t.t. fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna. 1. nóv. e.t.v. svolítið seint í því samhengi.